

Fundargerð

Fundur var haldinn í Hverfaráði Bakkafjarðar miðvikudaginn 28. október 2020 kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins að Skólagötu 5, Bakkafirði.

Mættir voru Gunnlaugur Steinarsson, formaður, Freydís Sjöfn Magnúsdóttir, Rósa Björk Magnúsdóttir, Áki Guðmundsson og Jónas Egilsson. Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Farið yfir drög að Samfélagssáttmála:

Sveitarstjóri fór yfir drögin að samfélagssáttmála og þær viðbætur sem inn voru komnar frá síðasta fundi. Þá fór hann yfir íbúapróun byggðarinnar frá sameiningu sveitarfélagana. Fram kom að íbúum Bakkafjarðar hefur fækkað um ca. 23% frá sameiningu sveitarfélaganna 2006. Samkvæmt samningi við ríkið um verkefnið Betri Bakkafjörður líkur því í maí 2021. Í samningnum er endurskoðunarákvæði sem heimilar að framlengja verkefnið um þrjú ár, telji samningsaðilar það leiða til frekari árangus. Hverfaráð mælir með því að verkefnið verði framlengt.

Eftirfarandi var rætt varðandi sáttmálann, atriði sem heima ættu þar inni eða skoða beri samhliða gerð hans.

- Finna lausn í skólamálum sem hentaði samfélaginu á Bakkafirði.
- Skoða leiðir til að byggja upp íþrótt- og félagsstarf fyrir íbúa Bakkafjarðar á öllum aldri.
- Starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar verði með reglulega viðveru á staðnum.
- Heimilishjálp verði í boði fyrir þá sem rétt eiga á slíkri þjónustu og vilja nýja hana.
- Fjármögnun á starfi náttúrufræðings fyrir svæðið liggja fyrir af hálfu ríkisins.
- Í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar frá nóvember 2018 er gert ráð fyrir kr. 40 millj. pr/ári til fimm ára í verkefnið Betri Bakkafjörður. Mikilvægt er að það fjármagnið liggja fyrir til verkefnisins.
- Mikilvægt að fá álit íbúa á samningnum áður en hann verður lagður fram til samþykktar.

Sveitarstjóri verður í sambandi við starfsmann samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem er tengiliður ráðuneytisins við verkefnið á Bakkafirði, varðandi samninginn. Þá kom fram að mikilvægt væri að ráðherra sem verkefnið heyrir undir staðfesti samninginn með undirskrift sinni.

2. Deiliskipulag af Hafnartanga Bakkafirði

Deiliskipulag af hafnartanganum á Bakkafirði er í kynningarferli til 24. nóvember nk.

Hverfisráð bókaði eftirfarandi:

„Hverfisráð Bakkafjarðar leggst eindregið gegn því að svokallaður braggi sem stóð vestan við Halldórshús verði inn á skipulagi og þar með endurbyggður. Verði af frekari byggingum á tanganum þá taki þær byggingar frekar mið af svokölluðu Magnúsarhúsi sem þar stóð. „

3. Önnur mál:

- a. Rætt var um pöntunarþjónustuna og nauðsyn þess að í boði væru lágmarks nauðsynjavörur og ákveðinn opnunartími. Pöntunarþjónustan fékk styrk að upphæð 1,5 millj. á síðasta ári til að útfæra þjónustuna í samstarfi við íbúa.
- b. Áhugi er fyrir því að komið verði upp frísbíggolfi. Hverfisráð telur mikilvægt að staðsetning þess verði valinn í samráði við ráðið. Þá kom fram að til stæði að koma svokölluðum „ærslabelg“ fyrir á staðnum.
- c. Minjastofnun styrkti verkefni sem tengist gömlu hafnarvoginni. Um er að ræða gerð teikninga af húsnaði og vog. Gerð kostnaðaráætlunar við endurbyggingu húsnaðis og lagfæringar á voginni.

Minjastofnun fékk Verkfræðistofuna Eflu til verkefnisins. Þá mun starfsmaður Minjastofnunar skrá minjar sem finnast á tunganum og koma þeim á sýningarhæft form.

- d. Samþykkt var að Gunnlaugur Steinarsson, taki sæti í verkefnisstjórn verkefnisins Betri Bakkafjörður í stað Arnmundar Marinóssonar.
- e. Hverfisráði barst erindi frá Birgi Ingvarssyni varðandi málefni Skeggjastaða. Í bréfinu kemur meðal annars fram að mikilvægt sé að jörðin komist í eigu heimamanna og þar verði komið á fót menningar- og fræðasetri.
- f. Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar ásamt formanni hverfaráðs fara um þorpið á Bakkafirði og nágrenni þess og lista upp verkefni sem þarfnast endurbóta eða lagfæringa. Stefnt er að því að skipta út núverandi lýsingu í þorpinu og koma fyrir led ljósum.

Fleira var ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17:25

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari